



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

---

### *Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2020*

Fyrir liggur erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 18. október 2019, þar sem óskað er samþykkis aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á erindi stjórnar SHS á breytingum á gjaldskrá SHS.

Í tillögu að breytingu á gjaldskrá SHS felst að slökkvistjóra verði gert mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þörf er á að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum. Í tillögunni felst að einingaverð samkvæmt gjaldskrá SHS hækki um 5,1% og verði 14.878 kr. á klst. vegna lögbundinna verkefna og 20.085 kr. á klst. vegna ólögbundinna verkefna. Mikilvægt er að gjald vegna ólögbundinna verkefna sé til þess fallið að SHS verði ekki eftirsóknarverður þjónustuaðili ólögbundinna verkefna heldur verði til þess að viðskiptavinir leiti frekar til annarra aðila á markaði.

Mælt er með því að þessi gjaldskrátilлага verði samþykkt.

Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs